

# Gróska

## Gróskudagar í Menntaskólanum á Ísafirði



Nú eru Gróskudagar hafnir og mórallinn er frábær í skólanum.

Nemendur í Frétta- og fjölmiðlasmiðju tóku nokkrar myndir og ræddu við nokkra nemendur og smiðjustjóra. Njótið lestursins!



## Boccia



### Viðtöl við þátttakendur í Boccia.

Finnst ykkur gaman í Boccia?

-Nei.

Finnst ykkur ekki að það ættu að vera oftar Gróskudagar?

-Jú.

Hversu oft ?

-Einu sinni á önn.



Nýnemarnir Ragnhildur og Heiðís Birta.



## Borðspil



### Viðtöl við þátttakendur í borðspilum

Finnst þér gaman?

-Uhh... veit ekki.

Það er samt skemmtilegra en að læra. Finnst ykkur það ekki?

-Jú!

Finnst þér ekki að það ættu að vera oftár Gróskudagar? Ef svo er hversu oft?

-Jú, nógu oft.



Natalía Ösp og Óskar.

### Viðtal við einstakling sem ekki vill láta nafn síns getið

Finnst þér gaman?

-Nei!

Skemmtilegra en að læra?

-Já, en ég vil frekar vera að læra heimanám.

Viltu hafa Gróskudaga oftár, ef svo er hversu oft?

-Já, já, aðra hverja viku!

## Félagsvist

Félagsvist er borðspil þar sem spilað er á mörgum borðum og sitja fjórir við hvert borð. Sigurvegarar á hverju borði færa sig svo á milli borða á milli spila, eftir fyrirfram ákveðnum reglum. Sömuleiðis er ákveðið fyrirfram hvernig haga skuli ákvörðun um gjafara og forhönd. Að öðru leyti er um sömu reglur að ræða og í vist. Spilapör sitja andspænis hvort öðru við borðið. Þegar spili er lokið eru reiknuð út stig hvers og eins og fær spilari stig fyrir hvern slag sem hann og samspilari hans unnu. Sá sem stendur uppi með flest stig eftir að öllum spilum er lokið er sigurvegari.

## Viðtal við Davíð Sighvats, Tómas Helga og Þyrí

Hvaða skoðun hafið þið á Gróskudögum?

D: Þeir eru mjög skemmtilegir og góð tilbreyting.

T: Bara frábærir dagar

Þ: Drulluskemmtilegir!!

Hefur þú spilað félagsvist áður?

D: Já, en það er langt síðan

D: Já, en það er langt síðan.

T: Já

Þ: Uu...Já!

Myndir þú vilja spila þetta aftur?

D: Já, en ekki of mikið

T: Já, já, alveg eins

Þ: Uu...Já!

## Myndlist

Í myndlistarhópnum á Gróskudögunum voru nemendur að mála og teikna einhverja frjálsa mynd. Sumir voru með bækur og/eða tölvur til að hjálpa sér við teikningar.



## Viðtal við Elísabetu, Trausta, Atla Þór og Klaudiu.

Hveða skoðun hafið þið á Gróskudögunum?

E: Bara frábærir, mættu vera oftár

A: Veit ekki, bara fínt

K: Bara góðir

Af hverju valdirðu myndlist?

E: Mér finnst gaman að mála og teikna

A: Mér finnst gaman að teikna

K: Það er gaman að teikna.

Teiknarðu eða málarðu mikið í frítíma þínum?

E: Ég gerði það eitt sinn en svo tók tölvan yfir og ég hef minnkað það verulega

A: Já ég teikna mjög mikið

K: Ekki svo mikið

## Árshátíðarundirbúningur

Nú er okkar árlega árshátíð að ganga í garð og í þetta sinn mun hljómsveitn BUFF halda uppi stuðinu.

Finnst þér gaman á Gróskudögunum?

Thelma: Já

Myndirðu vilja hafa þá oftar?

Thelma: Nei

Hvað eruð þið að gera í þessari smiðju?

Thelma: Undirbúa árshátíðina,

## Viðtal við Thelmu



## Myndir úr matreiðslusmiðjunni



## Matreiðsla

Í matreiðslu voru nemendur að elda mexíkóskan mat.



### Viðtal við Arnór og Evu Karen

Hvað eruð þið að elda?

A: Grasker

E: Síleönsk Salsa

Myndirðu vilja vera að elda eitthvað annað?

A: Nei

E: Ég veit ekki hvernig þetta

bragðast.

Hvaða skoðun hafið þið á Gróskudögunum?

A: Fínt, þetta er gaman og skemmtilegt.

E: Gaman að gera eitthvað öðruvísi.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

A: uuu...Vog

E: Hrútur

Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?

A: Mexíkósk kjúklingasúpa

E: Mexíkósk kjúklingasúpa



## Viðtöl við nemendur

### Spilagaldrar

#### Spurningar:

1. Af hverju valdirðu spilagaldrar?
2. Kanntu einhverja spilagaldrar?
3. Myndirðu vilja sjá þessa smiðju aftur á næsta ári?
4. Hvað finnst þér gott á Pizzu?
5. Áttu hund?

#### Þórir Sigurjón Sigurðsson

1. „Langaði að sjá Dórótheu klúðra spila-göldrum.“
2. „Já, einn frá því í gær.“
3. „Já.“
4. „Pepperoni, sveppi, lauk, jalapeno og sterka sósu.“
5. „Átti einu sinni, en ekki lengur.“



#### Kristín Harpa Jónssdóttir

1. „Það var það eina sem hljómaði spennandi.“
2. „Já fullt. Ég er algjör galdrakall.“
3. „Það myndi svo sem ekki skipta máli.“
4. „Allt nema skinku og ekki of mikið af osti.“
5. „Bara bróður minn.“



#### Kjartan Elí Guðnason

1. „Ég valdi það ekki.“
2. „Já.“
3. „Já endilega, ég ELSKA spilagaldrar!“
4. „Pepperoni.“
5. „Já, hann heitir Skuggi.“





## Viðtöl við nemendur

### Myndlist

#### Salóme Katrín Magnúsdóttir

1. „Mjög gaman.“
2. „Hús sem á að vera í Frakklandi.“
3. „Já, þegar ég var lítil.“
4. „Ég á kött sem heitir Krúttá.“
5. „Já.“




---

#### Heiðdís Birta Jónsdóttir

1. „Nei. Ég er ekki góð í að teikna.“
2. „Regnboga.“
3. „Nei.“
4. „Já, hún heitir Fríða.“
5. „NEI!!!“




---

#### Natalía Ösp Ómarsdóttir

1. „Nei.“
2. „Minion.“
3. „Nei.“
4. „Nei.“
5. „Nei.“



### Spurningar:

1. Finnst þér gaman að teikna?
2. Hvað ertu að teikna/mála?
3. Hefurðu farið á teikninámskeið?
4. Áttu Kött?
5. Viltu ganga í ESB?

# Viðtöl við nemendur og skólameistara

Við tókum viðtöl við þrjár manneskjur. Ein þeirra heitir Gerður Elísabet og er á fyrsta ári í Menntaskólanum. Hún er 17 ára gömul. Við spurðum hana út í það hvað henni fyndist um Gróskudagana og hún sagði að henni þætti þetta alveg fínt. Hún er búin að fara í jóga/slökun, spilagalbra, matreiðslu og svo skák/víkingaskák. Persónulegast fannst henni jóga/slökun skemmtilegasta smiðjan því hún náði svo vel að slaka á.



Gerður brosir mót myndavélinni á meðan að ónefnd snót grúfir andlitið í höndum sér.

Einnig tókum við viðtal við Viðar. Hann er einnig á fyrsta ári í Menntaskólanum og er 17 ára. Við spurðum hann út í það hvað honum fyndist um Gróskudaga. Hann sagði að honum fyndist þeir skemmtilegir. Þær smiðjur sem hann hefur verið í eru borðspil, kvikmyndir og skák/víkingaskák. Af þessum smiðjum fannst honum borðspilin skást. Við spurðum hann hvaða kvikmynd hann hafði horft á. Hann sagði Inner space. Honum fannst hún frekar sérstök en hún væri samt fín.

Viðar sendir  
okkur a.m.k.  
hálfan  
krúttlegan  
broskarl.



Svo tókum við viðtal við skólameistarann okkar hann Jón Reyni, en hann hefur starfað sem skólameistari frá árinu 2007 eða í sex og hálf ár. Hann byrjaði reyndar að kenna árið 1987. Honum finnst alveg fínt að vinna hér, annars væri hann ekki búinn að vera hér svona lengi. Einnig finnst honum vera góður andi í skólanum. Ástæðan fyrir Gróskudögnum var að hans sögn sú að árið 1975 kom beiðni frá 3. bekkingum um að hafa Gróskudag. Jón Baldvin, sem var skólustjóri á þeim tíma, neitaði þeirri beiðni, en hann fékk ekki að ráða því. Jónas Guðmundsson kom þeim á og hafa þeir verið alveg síðan þá ☺



Strákslegur svipur skólameistara gefur til kynna að hann hyggi á stórsókn. Rúnar tekur þessu samt með stóískri ró og lumar áreiðanlega á krók á móti bragði!

## Viðtal við smiðjustjóra yndislesturs, Katrínu Gunnarsdóttur



Katrín Gunnarsdóttir kennari og smiðjustjóri.

**Hefurðu verið með þessa smiðju áður ?**

-Nei, þetta er alveg nýtt, í fyrsta sinn.

**Er þetta skemmtilegt ?**

-Já, nemendur njóta þess alla vega, búnir að lesa í einn og hálfan klukkutíma.

**Þetta er rólegt og þægilegt.**

**Viltu hafa Gróskudaga oftár?**

-Já, það er allt í lagi að brjóta upp skólánámið.

**Hversu oft?**

Kannski svona einu sinni á hvorri önn.



Það var aldeilis rólegt og heimilislegt andrúmsloftið í yndislestrinum.

**Blaðamenn og ljósmyndarar: nemendur í fjölmiðlasmiðju.**

**Umbrot og hönnun: Hjalti Jónsson**

**Prófarkalestur og umsjón: Rán Höskuldsdóttir og Emil Ingi Emilsson**

